

Fréttabréf

Heilsuleikskólans Bæjarbóls – sumar 2017

Þá er langþráð sumar loksins komið og við vonum svo sannarlega að það verði okkur veðursælt. Í sumar verða einhverjar breytingar í starfsmannamálum og við fáum til okkar sumarstarfsmenn sem leysa af okkar frábæra starfsfólk í sumarfrí. Eyrún Inga nýútskrifaður grunnskólakennari verður á Hnoðraholti í sumar og Hafdís Birna nýútskrifaður uppeldis- og menntunarfræðingur á Hraunholti. Elísabet Ásta verður jafnframt starfsmaður á Hraunholti og í fyrsta skipti var ráðinn inn flokkstjóri sem heldur utan um störf sumarstarfsfólk á vegum atvinnuáttaks Garðabæjar ásamt okkur stjórnendum og er það grunnskólakennaraneminn Margrét Ármannsdóttir sem mun sinna því starfi. Flokkstjórinn kemur einnig til með að vera með elstu börnunum sem fara í frístund í Flataskóla frá 14. – 21. ágúst. Foreldrar elstu barna þurfa sérstaklega að sækja um frístund ef þeir hyggjast nýta sér hana á þessum tíma. Flokkstjórar frá Ökrum, Hæðarbóli og Lundarbóli verða í Hofstaðarskóla.

Auk Margrétar verða hjá okkur í sumar Díana Dögg, Sigríður Ósk, Alma Diljá, Hafdís Katrín, Saga og Brynja Lind og voru þær fjórar síðastnefndu einnig hér í fyrrasumar þannig að þær þekkjá okkur vel. Fyrir utan þessa starfsmenn fáum við ef til vill tvö ungmenni úr vinnuskólanum til aðstoðar í nokkrar vikur en það er ekki enn komið á hreint.

Nú er ýmislegt framundan í viðhaldsmálum og verða gerðar lagfæringar og breytingar á bæði Hnoðraholti og Hraunholti í sumar. Gólfín verða tekin í gegn, þar settur hiti og einnig lagfærð skiptiaðstaða á baðherbergjum. Þetta er mjög jákvætt og heldur betur kominn tími til að hressa upp á elsta leikskóla Bæjarins. Vonandi gengur það allt eftir og mesta vinnan fer fram í júlí þegar fæst börn eru í húsinu. Þá verður starfsemin í lágmarki, deildir sameinaðar og leikskólinn einnig þrífinn.

Börnin eru oftast mikið úti yfir sumartímamann og reynum við að hafa fjölbreytt efni á útisvæði, leiki, gönguferðir og ræktun í skólagörðum. Endilega berið sólarvörn á börnin að morgni ef veðrið er þannig, þetta er sérstaklega mikilvægt fyrir börn með viðkvæma húð. Einnig þarf að hafa í huga að fatnaður sé við hæfi, ef til vill heldur léttari en í vetrarhörkunni t.d. þynnri húfir eða buff á höfuð og jakka, annars veit maður svo sem aldrei hvernig mun viðra.

Börnin á Bæjarbóli tóku þátt í vorhreinsidögum Garðabæjar í lok apríl og við fengum styrk frá bænum til að verðlauna þau fyrir frábæra frammistöðu. Keypt voru ný útileikföng fyrir styrkinn, skóflur, fötur, trektar, kústar og bílar. Mikil gleði með það.

Varðandi næsta vetur þá er stefnt að því að elstu börnin í bláa hópi (fædd 2012) sem eru 23 talsins verði saman á Nónholti, rauður hópur (fædd 2013) á Móholti, helmingur af gulum hópi (fædd 2014) á Vinaholti, hinn helmingurinn á Hraunholti, grænn hópur (2015) á Hnoðraholti og Hraunholti og fjólublár hópur (2016) á Hnoðraholti. Ennþá eru þó að verða breytingar í barnahópnum og ekki alveg komið á hreint hver staðan verður næsta vetur varðandi yngri



deildar, fjölda barna og hópastærðir. Foreldrar geta komið við hjá deildarstjórum eða leikskólastjóra með spurningar.

Íþróttadagur er áætlaður 7 eða 8 júní með tilliti til veðurs. Á íþróttadegi eru settar upp íþróttastöðvar í garðinum og áhersla á útihreyfingu.

Einnig er stefnt að því að halda **hjóladag**, sithvorn daginn fyrir eldri og yngri deildar og mun hann verða auglýstur þegar þar að kemur en **Vinaholt, Hraunholt og Hnoðraholt eru að stefna á 13.júní og Móholt og Nónholt í kringum 20. Júní.**

Nú liggja fyrir niðurstöður úr foreldrakönnun og kunnum við foreldrum bestu þakkir fyrir þátttökuna en svarhlutfall far 72 %. Niðurstöðurnar koma inn á heimasíðu í sumar en helstu niðurstöður voru þessar og eru **niðurstöður merktar með rauðu** þar sem svarhlutfall var mjög lágt enda ekki allir sem svöruðu öllum spurningum.

Daglegt leikskólastarf

1.1. Ánægja með leikskólann	82,8%
1.2. Stjórnendur sýnilegir í daglegu starfi	95,0%
1.3. Ánægja barnsins í leikskólanum	96,4%
1.4. Hæfilegur fjöldi barna á deild	94,9%
1.5. Holt mataræði	98,1%

Námsumhverfi

2.1. Vinnubrögð	82,8%
2.2. Aðstaða	75,8%
2.3. Félagsleg samskipti	96,2%
2.4. Þátttaka án aðgreiningar	97,1%

Samskipti við foreldra

3.1. Upplýsingamiðlun	63,5%
3.2. Þekking á stefnu og námsskrá leikskólans	96,5%
3.3. Tengsl við starfsfólk leikskólans	94,5%
3.4. Hvatning til þátttöku í leikskólastarfinu	74,5%
3.5. Tímasetning viðburða	92,6%
3.6. Heimasíða leikskólans	97,9%

Upphaf og lok leikskólagöngu

4.3. Flutningur milli deilda	75,9%
4.2. Flutningur milli skólastiga	57,1%
4.1. Leikskólabyrjun	66,7%

Það gladdi okkur mjög að sjá ótrúlega mörg jákvæð og falleg ummæli um starfsfólk og leikskólastarfið í opinni spurningu um það sem fólk væri ánægt með. Við getum bætt okkur á ýmsum sviðum, upplýsingaflæði er alltaf þáttur sem reynist erfiður, hversu mikið af upplýsingum er þörf fyrir og í gegnum hvaða miðla en við reynum að halda áfram að þróa það og finna leiðir til að hafa gott upplýsingaflæði.



Nú er verið að vinna í því að innleiða nýtt leikskólakerfi Karellen, sem mun leysa mentor af hólmi. Þar munum við geta haldið utan um allt er varðar börnin í leikskólanum, starfsmenn, úthlutun pláss, gjöld, viðveru, fréttir og myndir svo eitthvað sé nefnt. Kerfinu fylgir einnig app sem foreldrar geta sótt í símann sinn og þar hægt að hafa samskipti og sjá fréttir og fleira. Við erum rétt að byrja að skoða kerfið og setja okkur inn í það, starfsmenn þurfa fræðslu og alltaf flókið að temja sér ný vinnubrögð en allir eru jákvæðir fyrir þessu og við spennt að opna til dæmis nýja heimasíðu síðar í sumar. Einnig hefur komið umræða í foreldrahópnum um að hafa fésbókarsíður fyrir hverja deild en ekki hefur slíkt komið til framkvæmda. Þetta verður allt skoðað fyrir næsta vetur.

Húsnæði okkar er einnig orðið lúíð og aðstaðan gæti verið betri, bæði fyrir skó og fatnað barnanna ásamt leiksvæðum eins og svör foreldra báru með sér. Upphaf og lok leikskólagöngu eru líka þættir sem við þurfum að skoða og rýna í út frá niðurstöðum.

Við viljum að lokum benda á mikilvægi þess að láta starfsfólk alltaf vita þegar barn er sótt í leikskólann og passa að loka á eftir sér hliðunum inn í garðinn, þetta er öryggisatriði sem skiptir miklu máli ekki síst á sumrin þegar útiveran er meiri.

Starfsfólk þakkar fyrir góðan vetur og ég sem nýr leikskólastjóri er ákaflega þakklát fyrir gott samstarf og lærdómsríkan vetur 😊

Anna Bjarnadóttir
Leikskólastjóri